

SAMNINGUR

um aðgang að Swiftþjónustu Greiðsluveitunnar ehf.

1. gr.

Samningsaðilar.

Greiðsluveitan ehf., kt. 680800-3240, Álfheimum 74, 104 Reykjavík og [nafn þátttakanda], [kennitala], [heimilisfang], [póstnúmer og sveitarfélag], hér eftir nefndur þátttakandi, gera með sér eftirfarandi samning um aðgang þátttakanda að Swiftþjónustu Greiðsluveitunnar, hér eftir nefnt Swiftþjónustan.

2. gr.

Reglur um þátttöku í Swiftþjónustu Greiðsluveitunnar.

Með samningi þessum staðfestir Greiðsluveitan aðgang þátttakanda að Swiftþjónustunni í samræmi við reglur um þátttöku í Swiftþjónustu Greiðsluveitunnar.

Samhliða skuldbinda samningsaðilar sig til að fara í öllu eftir ákvæðum reglna um þátttöku í Swiftþjónustu Greiðsluveitunnar.

3. gr.

Aðgangur.

Þátttakandi hefur aðgang að eftirfarandi þjónustu samkvæmt þáttökusamning þessum og eins og nánar greinir í reglum um þátttöku í Swiftþjónustu Greiðsluveitunnar.

	Þjónustutegund
X	Fin
	InterAct
	FileAct
	Browse

4. gr.

Gjaldtaka.

Þátttakandi skuldbindur sig til að greiða gjöld fyrir aðgang að og notkun Swiftþjónustunnar samkvæmt gildandi gjaldskrá Greiðsluveitunnar á hverjum tíma, sem finna má á heimasíðu félagsins.

5. gr.

Framsal til þriðja aðila.

Þátttakanda er óheimilt að framselja réttindi sín eða skyldur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila án fyrirfram skriflegs samþykkis Greiðsluveitunnar.

6. gr.

Takmörkun ábyrgðar.

Greiðsluveitan ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem þátttakandi eða annar aðili verður fyrir vegna þess að aðgangur þátttakanda að Swiftþjónustunni er felldur niður eða lokað er tímabundið fyrir hann, samkvæmt gildandi reglum um Swiftþjónustuna á hverjum tíma.

Greiðsluveitan ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni þátttakanda eða annars aðila vegna truflunar eða bilunar í Swiftþjónustunni, eða vegna truflunar sem stafar af uppfærslu eða endurbótum á búnaði Swiftþjónustunnar, nema tjónið megi rekja til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis af hálfu starfsmanna Greiðsluveitunnar.

Samningsaðilar bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni hvors annars eða annarra aðila sem rekja má til ófyrirsjáanlegra atvika (force majeure).

Telji þátttakandi að hann hafi orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni af hálfu Greiðsluveitunnar á grundvelli samnings þessa, ber honum að lýsa skaðabótakröfu á hendur Greiðsluveitunni í síðasta lagi innan sex mánaða frá tjónsatburði eða frá þeim tímapunkti er ljóst mátti vera að tjón hefði orðið.

Komi til þess að Greiðsluveitan verði dæmd skaðabótaskyld á grundvelli samnings þessa skal bótafjárhæð aldrei nema hærri fjárhæð en kr. 1.000.000 (krónur ein milljón) samtals á samningstímanum.

7. gr.

Vanefndir og riftun.

Verði um verulegar eða ítrekaðar vanefndir að ræða af hálfu þátttakanda á samningi þessum eða brjóti þátttakandi gildandi reglur, skilmála eða lög sem er varða aðild hans að Swiftþjónustunni, hvort tveggja að mati Greiðsluveitunnar, er Greiðsluveitunni heimilt að loka fyrir aðgang þátttakanda að Swiftþjónustunni og/eða segja samningi þessum upp fyrirvaralaust, Greiðsluveitunni að skaðlausu.

Greiðsluveitunni er heimilt að birta opinberlega tilkynningu ef gripið er til úrræða samkvæmt þessari grein.

8. gr.

Trúnaður.

Trúnaðar- og þagnarskylda skal ríkja um ákvæði samnings þessa. Þagnarskyldan helst eftir lok samningstímans.

9. gr.

Reglur.

Greiðsluveitunni er heimilt að gera breytingar á reglum um þátttöku í Swiftþjónustu Greiðsluveitunnar. Verði gerðar breytingar á reglunum á samningstímanum ber Greiðsluveitunni að tilkynna þátttakanda um þær með minnst tveggja vikna fyrirvara. Ef breyting verður á gjaldskrá skal það tilkynnt þátttakanda með minnst mánaðar fyrirvara.

10. gr.
Ágreiningur.

Um samning þennan gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur út af samningi þessum skal reka málið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

11. gr.
Gildistaka, uppsögn o.fl..

Samningur þessi tekur gildi Aðilar geta sagt upp samningi þessum skriflega með 18 mánaða fyrirvara nema samið sé um annað.

Samningur þessi er undirritaður í tveim samhljóða eintökum og fær hvor samningsaðili eitt eintak.

Greiðsluveitan ehf.

Nafn þátttakanda .

Reykjavík,

Reykjavík,

Logi Ragnarsson

Jón Jónsson
Titill

Fylgiskjal: Listi yfir tengiliði þátttakanda sbr. 8. gr. reglna um þátttöku í Swiftþjónustu Greiðsluveitunnar.